



## SÍÐUSKÓLI - AKUREYRI

VETURINN 2009- 2010

### 1. BEKKUR

#### Ágætu foreldrar/forráðamenn

Skólastarfið er stór þáttur í lífi barna ykkar og það skiptir miklu máli að þeim líði vel í skólanum. Gott samstarf heimila og skóla stuðlar að vellíðan og árangri nemenda. Því viljum við hvetja ykkur til að sýna námi barna ykkar áhuga og hafa samband við okkur ef eitthvað er óljóst. Verið ófeimin við að senda okkur tölvupóst eða hringja og þið eruð alltaf velkomin í skólann. Mikilvægt er að ræða um skólastarfið við börnin á jákvæðan hátt.

Heimaverkefni eru send heim í möppu á mánudögum og þeim á að skila viku seinna. Á fjölskylduvef Mentors verður hægt að lesa um heimanámið og það starf sem fram fer í skólanum. Athygli skal vakin á því að starfsáætlun skólans, skólareglur og aðrar upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans.

Mikilvægt er að nemendur mæti stundvíslega í skólann, tilkynna þarf í upphafi skóladags ef nemendur eru veikir. Óski foreldrar eftir leyfi fyrir nemendur skulu þeir snúa sér til umsjónarkennara eða skólastjóra. Athugið að öll leyfi eru á ábyrgð foreldra/forráðamanna.

Í janúar eru viðtöl við foreldra og nemendur þar sem farið er yfir stöðu barnsins í námi og félagslegum samskiptum. Teikniþroskapróf Tove Krog er lagt fyrir í fyrstu viku október og aftur sama próf um miðjan maí. Í nóvember, febrúar og apríl er lagt fyrir læsi könnun sem er lestrarskimunarpróf þar sem skoðaðar eru ýmsar hliðar lestrarfærni. Að vori fá nemendur umsagnir í lestri, skrift, stærðfræði, list og verkgreinum, íþróttum og sundi. Almenn er miðað við framfarir, áhuga og vinnusemi í umsagnagjöf. Þá fá nemendur einnig umsögn fyrir hegðun, vinnubrögð, umgengni, heimavinnu, samvinnu og hvernig þeir fylgja fyrirmælum.

Í vetur verður unnið að nokkrum þróunarverkefnum í skólanum. Í lestri er verkefni sem nefnist Byrjendalæsi en það er heildstæð móðurmálskennsla og vefur saman í eina heild lestur, ritun, tal og hlustun. SMT skólafærni er agakerfi sem skólinn er að taka upp og þróa. Því er ætlað að skapa gott andrúmsloft í skólanum og draga úr óæskilegri hegðun. Hrósað er fyrir jákvæða hegðun og viðbrögð starfsmanna við óæskilegri hegðun samræmd. Skólinn hefur í nokkur ár unnið að umhverfismálum og í vetur er ætlunin að útvíkka þá vinnu

ennfrekar með þátttöku í svokölluðu GETA verkefni sem tengist því á hvaða hátt við getum tekið sjálfbæra þróun inn í viðfangsefni nemenda. Jafnframt er unnið við að efla og þróa námsmat í skólanum.

*Aðalnámskrá grunnskóla* gerir ráð fyrir að kennsla í grunnskólum verði sem heildstæðust og munum við samþætta nám barna ykkar sem mest í vetur. Það felur í sér að skil milli námsgreina eru ekki alltaf augljós og sama verkefnið getur þjónað mörgum greinum.

### **Helstu markmið byrjendakennslu**

Markmið byrjendakennslu er, í samvinnu við heimilin, að stuðla að alhliða þroska og menntun nemenda og efla andlegt og líkamlegt heilbrigði þeirra.

Þetta skal gert með því að:

- Stuðla að almennri vellíðan allra barna í skólanum þannig að þau öðlist þá tilfinningu að skólinn sé öruggur og notalegur staður í leik og starfi
- Veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska
- Efla sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd nemenda
- Leitast við að mæta hverjum einstaklingi þar sem hann er staddur í námi og leik
- Örva sjálfstæða hugsun, temja nemendum að bera ábyrgð á eigin athöfnum og viðfangsefnum
- Glæða fróðleiksfýsn nemenda og hjálpa þeim að skilja og nota hugtök. Örva ímyndunarafl þeirra, gefa þeim tækifæri til að tjá sig á margvíslegan hátt og vinna sjálfstætt og skapandi

Við vonumst til að nemendum okkar líði vel í vetur og að skólinn efli þau í námi og starfi. Með von um gott samstarf.

Anna Kolbrún Árnadóttir, netfang: [akolla@akmennt.is](mailto:akolla@akmennt.is)

Margrét Baldvinsdóttir, netfang: [margret@akmennt.is](mailto:margret@akmennt.is)

Sara E. Svanlaugsdóttir, netfang: [sara@akmennt.is](mailto:sara@akmennt.is)

Hafdís Kristjánsdóttir deildarstjóri yngri deildar: [hafdisk@akmennt.is](mailto:hafdisk@akmennt.is)

Heimasíða skólans: <http://www.siduskoli.is>

Fjölskylduvefur Mentors: <http://www.mentor.is> Ritari skólans gefur foreldrum eða forráðamönnum aðgang að þeim vef.

Þar sem nafn kennara er ekki sérstaklega tekið fram hér á eftir er það umsjónarkennari sem kennir námsgreinina.

## Íslenska

### Lestur

**Aðaláherslur:** Að nemendur efli mál- og lesskilning, læri heiti og hljóð bókstafanna og nái að lesa einfaldan texta. Einstaklingsbundnar þarfir nemenda verða hafðar að leiðarljósi.

**Kennsluhættir:** Kennt er eftir aðferðinni Byrjendalæsi þar sem unnið er jöfnum höndum með hlustun, tal, lestur og ritun. Texti er lesinn fyrir nemendur og rætt um efni hans. Lykilorð er valið úr textanum en það er nýtt til að kenna nemendum bókstafi og hljóð þeirra og aðra tæknilega þætti varðandi lesturinn. Nemendur vinna að fjölbreyttum verkefnum til að örva nemendur til lestrar og ritunar. Nemendur fá lestrarbækur sem hæfa hverjum og einum og lesa í skólanum og heima. Einnig verður þeim kennt að nota skólabókasafnið.

**Námsefni:** Ýmsar sögur og vísur. Efni heimalestrar verður úr bókaflokknum *Listin að lesa og skrifa*, ásamt öðrum léttum lestrarbókum sem henta lestrarstigi nemenda hverju sinni.

**Heimanám:** Nemendur hafa lestrarbók sem þeir lesa í skólanum og heima fyrir foreldra. Mikilvægt er að nemendur lesi heima daglega.

**Námsmat:** Í kennslustundum fer fram mat út frá frammistöðu nemenda í daglegum viðfangsefnum í skólastofunni. Prófið *Læsi, lestraraskimun* verður lagt fyrir í nóvember, febrúar og apríl. Í maí er lagt fyrir hraðlestrarpróf þar sem nemendur lesa í eina mínútu og lesin atkvæði talin. Einkunn að vori er byggð á niðurstöðum úr Læsisprófi, hraðaprófi, lesskilningi og einnig er áhugi, dugnaður og framfarir við lesturinn metinn.

### Skrift

**Aðaláherslur:** Að nemendur læri að draga rétt til stafs og hafi rétt grip á skriffæri.

**Kennsluhættir:** Lagðar eru fyrir foræfingar og ýmis konar skriftaræfingar sem þjálfa fin- og grófhreyfingar. Við stafainnlögn er stafagerð kennd og lögð rík áhersla á að nemendur dragi rétt til stafs frá upphafi. Mikil áhersla er lögð á vandvirkni, snyrtilegan frágang og réttar vinnustellingar.

**Námsefni:** Ýmsar foræfingar og stafablöð, *Það er leikur að læra -vinnubók 1 og 2*, ljósrituð blöð úr *Skrift 1A og 1B* sem er skriftarefni unnið í Síðuskóla.

**Heimanám:** Alls kyns foræfingar og skriftarverkefni.

**Námsmat:** Vinnubrögð, frágangur og framfarir, skriftarkönnun að vori.

### Ritun

**Aðaláherslur:** Að nemendur semji sögur með teikningum. Í fyrstu skrifa þeir stafi við en smám saman þjálfast þeir í að skrifa orð og setningar.

**Kennsluhættir:** Nemendur teikna mynd í sögubók út frá eigin reynslu eða umræðum í tímum. Síðan semja þeir texta og skrifa við. Einnig hjálpast allir nemendur að við að semja sögur sem kennari skráir. Notaðir eru sögupokar, sem innihalda ýmsa hluti sem nemendur geta notað til að raða saman í atburðarrás, til að efla hugmyndaflug og fjölbreytni.

**Námsefni:** Sögubók, atburðarblað.

### **Talað mál og framsögn**

**Aðaláherslur:** Að nemendur tjái sig skýrt og greinilega með því að segja frá, taka þátt í samræðum, leikrænni tjáningu, flutningi á þulum, vísum og eigin texta.

**Kennsluhættir:** Nemendur segja bekkjarfélögum sínum frá atburðum úr daglegu lífi. Nemendur læra og fara með vísur, þulur og ljóð.

**Námsefni:** Bókin *Markviss málörvun* verður höfð til hliðsjónar.

### **Hlustun og áhorf**

**Aðaláherslur:** Að auka orðaforða og málþroska nemenda og auka færni þeirra í að greina hljóð og hlusta.

**Kennsluhættir:** Ýmis konar leikir notaðir sem þjálfar nemendur í að fara eftir fyrirmælum. Sögur eru lesnar fyrir nemendur daglega. Nemendur horfa á fræðsluefni á myndböndum og efni þeirra er síðan rætt í hópum. Nemendur horfa á leiksýningar hjá öðrum nemendum t.d. á litlu-jólum og árshátíð skólans. Sögustundir á bókasafni.

**Námsefni:** Ýmsar sögur sem lesnar eru í nestistímum, sögur af hljóðdiskum, *Að leika og látast*, athyglisleikir og *Markviss málörvun*.

### **Bókmenntir**

**Aðaláherslur:** Að nemendur kynnist fjölbreyttum bókmenntum, skáldsögum, þekktum íslenskum þjóðsögum, ævintýrum og frásögnum, meðal annars úr heimabyggð. Nemendur kynnast verkum Sigrúnar og Þórarins Eldjárn, Astrid Lindgreen og fleiri höfunda.

**Kennsluhættir:** Bækur eru lesnar í nestistímum og í lestrarkennslu samkvæmt byrjendalæsi, valdir eru fjölbreyttir textar og sögur eftir innlenda og erlenda höfunda. Efni bókana er rætt. Nemendur horfa á myndbönd og verkefni unnin út frá þeim. Nemendur fara reglulega á bókasafn og velja sér bækur til fróðleiks og skemmtunar. Nemendur læra ljóð, myndskreyta þau og lesa eða syngja.

**Námsefni:** Íslenskar þjóðsögur, framhaldssögur í nestistímum, ljóð eftir íslenska og erlenda höfunda.

**Heimanám:** Ljóðaverkefni af og til.

**Uppákomur og heimsóknir:** Dagur íslenskrar tungu.

### Málfræði

**Aðaláherslur:** Að nemendur læri að þekkja hugtökin bókstafur, hljóð, orð og setning í tengslum við lestrarnám. Fáir tækifæri til að leika sér með tungumálið á sem fjölbreytilegastan hátt. Nemendur læri að mannanöfn byrja á stórum staf.

**Kennsluhættir:** Unnið með ýmsar æfingar m.a. úr *Markvissri málörvun* sem þjálfa nemendur í að ríma, greina hljóð í orðum, greina orð í setningum, búa til setningar og finna rímorð.

**Námsefni:** *Það er leikur að læra -vinnubók 1 og 2, Markviss málörvun*, ýmis verkefni og spil er tengjast Byrjendalæsi.

**Kennslustundir á viku í íslensku:** 9.

### Stærðfræði

**Aðaláherslur:** Að nemendur fái við stærðfræðiverkefni sem tengjast nánasta umhverfi þeirra og daglegu lífi og reyna á skilning og sjálfstæða hugsun. Þeir fá tækifæri til að nota og þróa eigin aðferðir við lausnaleit, tjái sig um aðferðir og lausnir, leysi verkefni þar sem mismunandi reikniáðgerðir eru notaðar og noti hjálpargögn sér til aðstoðar.

Í byrjun er áhersla lögð á tölustafina, að nemendur skrifi þá rétt og skilji gildi þeirra. Nemendur telji og flokki hluti, beri saman fjölda og þekki tákni  $> = <$ . Tekin eru fyrir grunnhugtökin pörum, sannar og ósannar fullyrðingar, mengi, hlutmengi og stök. Formskyn verður þjálfað út frá grunnformunum hringur, ferhyrningur og þríhyrningur. Nemendur kynnist talnalínu, leggi saman, dragi frá, margfaldi og deili á þann hátt sem þeir eru færir um.

**Kennsluhættir:** Lögð er áhersla á hlutbundna vinnu, umræður og að kennslan tengist daglegu lífi. Nemendur vinna með áþreifanlega hluti eins og talnagrindur, kubba og smáhluti og stunda rannsóknavinnu og uppgötva. Nemendur vinna í hópum, pörum og einstaklingslega og þurfa að segja frá hvernig þeir komast að niðurstöðum sínum.

**Námsefni:** *Eining 1 og 2*, verkefnablöð með *Einingu, Viltu reyna, Stærðfræði er skemmtileg*, ljósrituð blöð og hefti frá Námsgagnastofnun og af Skólavefnum sem og ýmis forrit.

**Uppákomur og heimsóknir:** Næsta nágrenni skólans nýtt til ýmissa stærðfræðiverkefna, Dagur stærðfræðinnar.

**Heimanám:** Vikulega eru ýmis stærðfræðiverkefni og eða stærðfræðiþrautir.

**Námsmat:** Símat þar sem vinna nemenda og skilningur á námsefninu eru metin. Kannanir er

fylgja Einingarbókum einnig lagðar fyrir og metnar.

**Kennslustundafjöldi á viku: 5.**

### **Náttúrufræði og umhverfismennt**

**Aðaláherslur í lífvísindum:** Að nemendur verði meðvitaðir um mikilvægi hollrar næringar og rækti jákvætt viðhorf til alls lífs. Þekki algengustu húsdýrin á Íslandi, þekki helstu lífverur í næsta nágranni, þekki árstíðirnar og átti sig á ólíku veðurfari.

**Aðaláherslur í jarðvísindum:** Að nemendur kynnist hvaða áhrif ýmis fyrirbæri í náttúrunni eins og sól, vindar, vatn og náttúruhamfarir hafa á nánasta umhverfi þeirra. Unnið verður með ólík birtingarform vatns í náttúrunni og fjölbreytni í nýtingu vatns á heimilinu og í umhverfinu. Fjallað um lífríki fjörunnar. Tungl, stjörnur, ljós og skuggi skoðað.

**Aðaláherslur í eðlisvísindum:** Að nemendur þekki hugtökin hiti, kuldi og frost. Geri sér grein fyrir að hlutir í umhverfinu hreyfast hratt eða hægt, þeir fara af stað og eða breyta um stefnu og þeir stöðvast.

**Aðaláherslur í umhverfismennt:** Að nemendur upplifi umhverfi sitt á jákvæðan hátt og læri að umgangast náttúruna af virðingu. Geti flokkað daglegt rusl. Beri virðingu fyrir umhverfi sínu. Geti farið í skemmtigöngur í nánasta umhverfi sitt.

**Kennsluhættir:** Áhersla er lögð á rannsóknarvinnu og útikennslu. Nemendur sækja sér verkefni í nánasta umhverfi skólans, vinna það ýmist úti eða inni í skólastofu. Nemendur vinna saman í hópum, pörum og einstaklingslega, læra að skrá niðurstöður sínar og gera vinnubók. Nemendur velja sér vinatré úti á skólalóð sem þeir síðan fylgjast með yfir skólaárið og sjá hvernig tréið breytist eftir árstíðum.

Mikil verkleg vinna fer fram sem tengir myndlistina inn í námið. Myndbönd sýnd. Kennslan er samþætt við aðrar námsgreinar.

**Námsefni:** *Komdu og skoðaðu umhverfið, Komdu og skoðaðu líkamann, Græðlingur 1-tré, Afi minn í sveitinni*, verkefni er tengjast lestrarbókum, ýmsar fræðibækur, *Árstíðabækurnar, sumar–vetur–vor og haust*, verkefni um ánamaðkinn og hvaðan mjólkinn kemur.

**Uppákomur og heimsóknir:** Nánasta umhverfi Síðuskóla.

**Námsmat:** Umsögn að vori þar sem áhugi og samvinna nemenda metin, nemendur eru spurðir munnlega um viðfangsefni sín. Símat.

**Kennslustundafjöldi á viku: 2.**

### **Samfélagsgreinar**

**Aðaláherslur í landafræði:** Að nemendur kynnist umhverfi sínu og beri umhyggju fyrir því.

Þjálfist í að greina hvað er líkt og hvað ólíkt við það hvernig fólk notar landið og við hvað fólk vinnur. Læri að lýsa veðureinkennum árstíða og viti hvaða breytingar árstíðaskipti hafa í för með sér fyrir daglegt líf þess.

**Aðaláherslur í sögu:** Að kynna nemendum skólann og umhverfi hans. Kenndar eru umgengnisreglur innanhúss og utan og að nemendur skilji mikilvægi reglna í umferðinni og í samskiptum fólks. Lögð er áhersla á mikilvægi vina og skólafélaga og gildi þess að vera hluti af hópi. Að nemendur þekki helstu sögustaði og sögupersónur í heimabyggð og geri sér grein fyrir því að við erum hluti af stórum heimi.

**Kenninguáætting:** Kennslan fer fram í tengslum við lestrar og stærðfræðikennslu og ýmsa þætti í daglegu skólastarfi. Áhersla er lögð á rannsóknarvinnu og umræður og reynsluheimur nemenda og daglegur veruleiki nýttur. Unnið er í hópum, þörum og einstaklingslega.

**Námsefni:** *Komdu og skoðaðu umhverfið, Afi minn í sveitinni*, ýmsar fræðibækur og verkefni er tengjast móðurmáli og stærðfræði.

**Uppákomur og heimsóknir:** Í upphafi skólagöngu kemur umferðarlögreglan í heimsókn, vettvangsferð að Háskólanum og Íslandsklukkunni. Þemadagar í nóvember.

**Námsmat:** Umsögn að vori þar sem áhugi og samvinna nemenda metin, nemendur eru spurðir munnlega um viðfangsefni sín. Símat.

**Kenningustundafjöldi á viku:** 2.

### **Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði**

**Aðaláherslur:** Að stuðla að þroska nemenda og efla skilning þeirra á samskiptum. Þeir læri að bera virðingu fyrir mismunandi trúar- og lífsskoðunum. Nemendur kynnist kristinni sköpunartrú og fræðist um barnsku Jesú, læri auk þess um helstu trúarhátíðir kristinna manna.

**Kenninguáætting:** Texti er lesinn og rætt um innihald hans, nemendur tjá sig og skiptast á skoðunum, verkefni unnin, oft á myndrænan hátt.

**Námsefni:** *Undrið*.

**Kenningustundafjöldi á viku:** 1.

### **Lífsleikni**

**Aðaláherslur** Nemendur þjálfist í að tjá tilfinningar sínar og geti sett sig í spor annarra, læri að vera hluti af stórum hópi og geti leyst ágreiningsefni á jákvæðan hátt. Læri hvað einkunnarorð (kjörorð) skólans standa fyrir, þ.e. ábyrgð, virðing og vinátta.

**Kennsluhættir:** Nemendur vinna í hópum eða þörum að verkefnum og áhersla er lögð á samvinnu, kurteisi og að þeir taki tillit til hvers annars. Seinni hluta skólaársins eru bekkjarfundir þar sem áhersla er lögð á að byggja upp jákvæða sjálfsmynd og bæta samskipti nemenda. Reglulega eru kenndar og æfðar reglur í SMT skólafærni.

**Námsefni:** *Spor 1*, SMT-reglur, umferðarfræðsla.

**Uppákomur og heimsóknir:** Umferðarfræðsla frá lögreglunni. Hjúkrunarfræðingur heimsækir bekkinn tvisvar sinnum og ræðir um hreinlæti og mikilvægi þess að vera með hollt nesti.

**Námsmat:** Frammistaða metin í tímum en einnig lagt mat á hegðun og framkomu í skólanum við skólasystkini og starfsfólk. Umsögn gefin við annaskipti og er hún hluti af námsmati fyrir hegðun.

**Kennslustundafjöldi á viku:** Er samþætt við aðrar námsgreinar en að jafnaði 1 kennslustund á viku.

## Listgreinar

### Textílmennt

**Aðaláherslur:** Að veita nemendum tækifæri til að taka þátt í skapandi starfi, þeir læri að beita nál og raða saman litum.

**Verkefni:** Saumað er í pappír og stramma. Ofið á vefspjöld og perlum raðað í munstur.

**Kennsluhættir:** Sýnikennsla og verklegar æfingar.

**Námsgögn:** Ýmsar tegundir lita, strammi, garn, strigi, pappír, laufblöð, tuskur, leir.

**Námsmat:** Símat þar sem áhugi, sköpunargleði og frammistaða eru metin. Ein umsögn að vori fyrir textílmennt, myndmennt og hönnun og smíðar.

**Kennslustundafjöldi á viku:** 1.

### Myndmennt

**Aðaláherslur:** Að þjálfar og þroska hug og hönd nemenda til þess að þeir geti mótað hugmyndir sínar í margs konar efnivið og eflt hugmyndaflug og sköpunarhæfni. Leikið með liti af öllum gerðum. Frumlitirnir kynntir og gerðar einfaldar litablöndur. Unnið með grunnformin.

**Kennsluhættir:** Verkleg kennsla, hópinnlögn og einstaklingsaðstoð. Mikið lagt upp úr sjálfstæði í vinnubrögðum og vandvirkni.

**Námsefni:** Bækurnar *Markviss myndörvun*, *Myndmennt I*, verkefni er tengjast lestrarkennslunni.

**Námsmat:** Frammistaða í tímum metin, símat, ein umsögn að vori fyrir myndmennt, textímennt og hönnun og smíðar.

**Kennslustundafjöldi á viku:** 1.

### **Tónmennt**

**Aðaláherslur:** Megináhersla er lögð á söng, léttá texta og hreyfingu. Nemendur læri púls og laghryn og að leika á einföld ásláttarhljóðfæri.

**Kennsluhættir:** Létt lög og textar æfðir. Leikir sem falla að efninu eru notaðir til kennslu.

**Námsefni:** *Tónmennt 1. hefti kennslubók. Tónmennt 1. hefti sönvasafn.*

**Námsmat:** Frammistaða í tímum metin.

**Kennslustundafjöldi á viku:** 1.

**Kennari:** Gunnar Halldórsson

### **Tóngæði**

**Aðaláherslur:** Nemendur læri undirstöðuatriði í hljóðfæraleik. Þau læri að klappa, syngja, spila takt og hryn eftir forskrift og heyrn. Auk þess læri þau að lesa nótur og leika þær á blokkflautu.

**Kennsluhættir:** Tímar byrja á blokkflautuspili, kennari leggur inn fyrirmæli á töflu um lausn á verkefni (nótnaskriftar- og nótnalestrarverkefni) sem nemendur eiga í framhaldi af því að leysa einstaklingslega.

**Leikir:** Ýmsir leikir sem tengjast náminu, hlustun o.fl.

**Námsefni:** Blokkflauta, verkefnablöð og lög til að spila á blokkflautuna.

**Kennslustundafjöldi á viku:** 1.

**Kennari:** Hjördís Eva Ólafsdóttir.

### **Dans**

**Aðaláherslur:** Að nemendur efli eigin hreyfigetu, þekki og skynji hreyfimyndir hópa svo sem raðir, hringi, skálinur og fylgi öðrum. Nemendur læri einföldustu grunnspor í samkvæmisdönsum og gömlu dönsunum. Þau læri að skynja hrynjanda í tónlist og læri að láta hreyfingu fylgja takti og nái samhæfingu handa og fóta. Nemendur þurfa að þekkja og nýta sér almennar kurteisissvenjur í samskiptum þ.e.a.s. bjóða upp í dans, vinna í hópi, taka tillit til annarra og sýna gagnkvæma virðingu.

**Kennsluhættir:** Sýnikennsla fer fram í öllum tímum þar sem kennari sýnir nemendum spor og dansa. Börnin læra að hita upp með ýmsum hreyfingum í takt við tónlist. Í lok hvers tíma fá nemendur að fara í hina ýmsu leiki með tónlistarívafi.

**Dansar:** Hliðar saman hliðar á alla vegg, Skósmíðadansinn, Fingrapolki, Byggingadansinn, Hægri hönd, Samba (dingulspor), frumspor í Enskum Vals, Fugladansinn, Vínar vals (hliðar

saman lyfta), Dvergadansinn, Magarena, Hermanns twist, Hóký póký, Súperman og marsera.

**Leikir:** Ásadans, Töludans og stoppdans.

**Uppákomur og heimsóknir:** Foreldrum er boðið að koma í heimsókn og fylgjast með í lok vorannar.

**Námsmat:** Símat þar sem frammistaða nemenda er metin eftir áhuga og getu og umsögn gefin í lok vorannar.

**Kennslustundafjöldi á viku:** 1.

**Kennari:** Jóhanna Elín Halldórsdóttir.

## Íþróttir – líkams- og heilsurækt

### Skólaíþróttir

**Aðaláherslur:** Nemendur tileinki sér góða umgengni, framkomu og kurteisi. Læri leiki sem þjálfar hlustun, athygli og einbeitingu. Þeir læri jafnvægisæfingar og æfingar sem efla samhæfingu handa og fóta. Einnig læri nemendur æfingar sem auka kraft, fimi og þol. Unnið er að því að nemendur nái tökum á sjálfstæðum vinnubrögðum sem og samvinnu við aðra nemendur. Að nemendur upplifi íþróttir og hreyfingu sem jákvæða og skemmtilega námsgrein og nýti sér hreyfingu til að bæta líkamlega getu. Þar sem slík reynsla mótar viðhorf nemanda er mikilvægt að nemendum líði vel og þyki gaman.

**Kennsluhættir:** Sýnikennsla þar sem kennari sýnir og kennir nemendum æfingar og leiki og fær nemendur einnig til að sýna. Nemendur vinna mikið í hópum en þó einnig með einstaklingsæfingar sem reyna á sjálfstæð vinnubrögð. Við notum ekki skó í 1. bekk en nemendur mega vera í tátíljum eða stjörnusokkum. Ef nemendur geta ekki einhverra hluta vegna tekið þátt í íþróttum eða ekki farið í sturtu er ætlast til að þeir komi með miða frá foreldrum eða forráðamönnum þess efnis.

**Námsefni:** Hreyfileikir, boltaleikir, hringþjálfun, stöðvaþjálfun, fimleikar, frjálsar íþróttir, styrktaræfingar, jafnvægisæfingar.

**Námsmat:** Símat á virkni, áhuga, ástundun og færni nemanda auk félagsfærni/samskipta og hegðunar.

**Kennslustundafjöldi á viku:** 2.

**Kennarar:** Rainer Jessen og Hansína Gunnarsdóttir.

### Skólasund

**Aðaláherslur:** Áhersla er á aðlögun barnsins að vatninu. Að nemendur tileinki sér hreinlæti og góða umhirðu líkamans og læri að hlýða fyrirmælum og öryggisatriðum sundstaðar. Nemendur upplifi skólasund sem jákvæða og skemmtilega námsgrein og umfram allt að nemendum líði vel í vatninu. Nemendur nái þeirri sundfærni sem þarf til að ljúka við 1.

sundstigi fyrir lok skólaársins samkvæmt aðalnámsskrá grunnskóla. Nauðsynlegt er að nemendur efla skynfæri líkamans og samspil þeirra við útfærslu hreyfinga í vatni.

Æskilegt er að nemendur mæti með sundgleraugu í skólasundið og í skólasundi er óheimilt að nota stuttbuxur (strandbuxur), aðeins er leyfður hefðbundinn sundfatnaður (sundskýlur og sundbolir).

**Kennsluhættir:** Leiðbeiningar, sýnikennsla og skýringar af bakka og einnig ofan í laug.

**Námsefni:** Öndunaræfingar, flot- og leguæfingar, skriðsunds- og baksundsæfingar, bringusundsæfingar.

**Leikir** Ýmsir leikir s.s. stórfiskaleikur með köfun, stór skip-lítill skip, strútur (frelsa með að kafa milli fóta), epli og perur, brettaboðhlaup, sundbolti.

**Námsmat:** Nemendur taka stöðupróf í 1. sundstigi að vori. Færni í prófi gildir 30% á móti virkni, áhuga og ástundun, samskipta og hegðunar sem gildir 70%.

1. sundstigi: Inn- og útöndun 10 sinnum, flot á bringu eða baki með og án hjálpartækja, bringusundsfótatök við bakka, skriðsunds- og baksundshreyfingar með og án hjálpartækja, ganga með andlit í kafi 2-2,5 m eða lengra, hoppa af bakka í grunna laug.

**Kennslustundafjöldi á viku:** 1.

**Kennarar:** Hansína Gunnarsdóttir og Páll Viðar Gíslason.

### Heimilisfræði

**Aðaláherslur:** Markmiðið er að nemendur kynnist notkun á einföldum eldhúsáhöldum og noti þau við gerð mjög einfaldra rétta. Rætt er um hollustu fæðu og sérstaklega fjallað um morgunmat og nesti. Fjallað er um mikilvægi hreinlætis.

**Verkefni:** Súrmjólkurdrykkur, smurt brauð, grænmeti, ávaxtadrykkur, bakað úr þurrgeri, muffins, hnoðaðar smákökur, þvo borð og hendur, sópa gólf og þvo upp.

**Kennsluhættir:** Í upphafi kennslustundar segir kennari frá verkefni tímans. Í framhaldi af því leiðir kennari nemendur áfram með verkefnið. Kennari gengur á milli og sýnir eða hjálpar nemendum allt eftir viðfangsefni eða þörfum. Þá er einnig um bóklega kennslu að ræða þar sem nemendur og kennari sitja í hring við borð og hjálpast að við að leysa verkefni í kennslubókinni.

**Námsefni:** *Heimilisfræði fyrir byrjendur* og nokkur verkefni frá kennara.

**Námsmat:** Umsögn gefin eftir hegðun, áhuga og frammistöðu í tímum.

**Kennslustundafjöldi:** Að meðaltali 1 kennslustund á viku allan veturinn

**Kennarar:** Arnfríður Jóhannsdóttir

### Hönnun og smíði

**Aðaláherslur:** Lögð er áhersla á að nemendur geti beitt einföldum handverkfærum, læri að saga, negla, pússa og mála.

**Verkefni:** Hús, snagamynd, frjálst verk úr smíðakubbum.

**Kennsluhættir:** Nemendum er kennt að þússa, smíða hús, vinna frjálst með nagla og tréspjöld.

**Námsmat:** Frammistaða i tímum metin, símat, ein umsögn að vori fyrir hönnun og smíðar, myndmennt og textílmenn.

**Kennslustundafjöldi á viku:** Miðað er við 1 kennslustund á viku og fer kennslan aðallega fram á vorönn.

### Upplýsinga- og tæknimennt

**Aðaláherslur:** Að nemendur tileinki sér góða umgengni gagnvart tölvum og í tölvustofu. Geti nýtt sér einföld kennsluforrit í lestri og stærðfræði. Nemendur þjálfist í að nota bókasafnið til að fá bækur að láni. Vinni þar einföld verkefni og fái kynningu á ýmsum tegundum bókmennta, svo sem þjóðsögum, ævintýrum og ljóðum.

**Kennsluhættir:** Í tölvustofu fara nemendur í kennsluforrit ætluð fyrir yngri nemendur og vinna í þörum eða einstaklingslega. Á bókasafni les starfsmaður bókasafnsins sögu, ævintýri eða ljóð, ræðir um innihald efnisins og nemendur gera verkefni. Nemendum kennt að umgangast bækur á réttan hátt.

**Námstögn:** Tölvur og ýmis verkefni á bókasafni.

**Kennslustundafjöldi:** Samþætt við aðrar námsgreinar, að jafnaði 1 kennslustund á viku.

**Kennarar:** Umsjónarkennarar og á skólabókasafni Guðrún Níelsdóttir.

*Við viðurkennum að*

*nám er persónubundin reynsla*

*og með því að styrkja hvern einstakling*

*aukum við gæði*

*náms og kennslu.*

### **JÁKVÆÐIR FORELDRAR - JÁKVÆÐ BÖRN**

*Gott og traust samband milli heimilis og skóla er nauðsynlegt og ber öllum skylda til að leggja sitt af mörkum til að svo geti orðið. Milli nemenda, starfsfólks skólans og foreldra þarf að takast trúnaðarsamband.*

## **Lesið og kennt í 1. bekk veturinn 2008 – 2009**

Við notuðum Byrjendalæsisaðferð við lestrarkennslu í vetur. Við tókum fyrir eina sögu í hverri viku þar til við vorum búnar með alla stafi stafrófsins. Þá var unnið með tvo stafi á viku og eitt lykilorð.

Við héldum okkur við vikuskipulag þar sem saga vikunnar var lesin á mánudegi einu sinni til tvisvar sinnum. Á þriðjudag fengu nemendur lykilorð og stafi vikunnar. Unnið var með stafina á ýmsan hátt s.s. unnið með leir, stafasúpur og fl. Alla fimmtudaga og föstudaga var stöðvavinna, árgangurinn blandaður, þar sem unnið var út frá sögu vikunnar á ýmsan hátt.

Upp úr áramótum var innlögn á stafrófi búin og var þá farið í upprifjun á þeim stöfum sem ekki voru “komnir”. Byrjendalæsið var samþætt við aðrar námsgreinar og mikið um verklega og hlutbundna vinnu nemenda. Heimanám vetrarins í lestri byggðist einnig á byrjendalæsisaðferð sem og lestri í heimalestrarbók. Undir lok skólaársins var farið í lestrarátak í heimanámi þar sem nemendur áttu samveru með foreldri/um og þjálfuðu sig í lestri. Sjá skjal undir Byrjendalæsi .

### **Þær bækur sem unnið var með í vetur voru eftirfarandi:**

#### **29. ágúst til 06. sept 2008.**

- Í mó eftir Þórarinn Eldjárn.
- Unnið með stafinn ó.
- Lykilorð: mó.

#### **08. sept til 12. sept 2008.**

- Ég vil fisk eftir Áslaugu Jónsdóttur
- Unnið með stafina f og i.
- Lykilorð: fiskur.

#### **17. sept til 25. sept 2008.**

- Hænur eru hermikrákur í þýðingu Sigurðar A. Magnússonar
- Unnið með stafina í og s.
- Lykilorð: Ísland.

#### **29. sept. til 3. okt.-08**

- Ótrúleg eru ævintýrin : Unnið með vísuna: Sigga og köngulóin.
- Unnið með stafina k og ö.
- Lykilorðið könguló.

**6. – 10. okt.**

- Stór skrímsli gráta ekki, eftir Áslaugu Jónsdóttur
- Stafirnir g og r
- Lykilorðið gráta

**13. okt – 17. okt.-08**

- Dúbbi eftir Bryndísi Gunnarsdóttur
- Stafirnir l og ú
- Lykilorð: lúra

**20. okt – 24. okt.-08**

- Kuggur – nýir vinir, eftir Sigrúnu Eldjárn
- Unnið með stafina v og n
- Lykilorðið: vinur

**27. okt – 31. okt.**

- Pysjunætur
- Stafirnir æ og t
- Lykilorðið: nætur

**3. nóv. – 7. nóv.**

- Áframhald á Pysjunætur

**10. – 14. nóv**

- Eggið – eftir Áslaugu Jónsdóttur
- Unnið með stafina g og au.
- Lykilorð: Flaug

**17. – 21 nóv.**

- Dimmalimm eftir Mugg
- Unnið með stafina D og M
- Lykilorð: Dimmalimm

Læsispróf lagt fyrir.

**24. – 28. nóv.**

- Bína Bálreiða eftir Ásthildi Bj. Snorradóttur
- Unnið með stafina ei og ð
- Lykilorð: Bálreið

**1.– 5. des**

- Jólaköttur eftir Jóhannes úr Kötlum
- Unnið með stafina J og A
- Lykilorð: Jólaköttur

**8. – 19. des (unnið í tvær vikur)**

- Jólasaga eftir 11. ára stúlku
- Unnið með stafina P og O
- Lykilorð: Pottaskefill.

## 6. – 9. janúar 2009

- Upprifjun á innlögðum stöfum.
- Unnið eftir niðurstöðum læsiskimunar.

## 12.– 17. janúar

- Gott kvöld eftir Álaugu Jónsdóttur
- Unnið með stafina B og U
- Lykilorð: Burt.

## 26. – 30 . janúar

- Kuggur þorrablót.
- Unnið með stafina x og é
- Lykilorðin éta og strax.

## 2. – 20 . febrúar

- Ljósín í bænum, samþætt við húsaþema í stærðfræði
- Unnið með tvíhljóðið ey
- Lykilorð: Eyjafjörður
- Eyja útbúin sjá undir lesið og kennt myndmennt.
- Hugtakakort kennt útfrá mynd af Grímsey

## 2. – 6. mar

- Endurinnlögn og upprifjun

Undirbúningur fyrir árs hátíð.

Lagið eftir Það eru ekki allir eins eftir Hörð Torfason, kennsla í lífsleikni og móðurmáli.

## Læsispróf lagt fyrir 30. apríl.

### Eftir páskafrí og fram á vor:

- Afi minn í sveitinni unnið með st. Samþætt kennslu um húsdýrin
- Lykilorð: bílstjóri
- Leitaráætlun kennd
- Annað sumar hjá afa

### Stærðfræði

Kennslan byggðist á bókunum Eining 1 og 2 og kennsluleiðbeiningum við þær. Unnið var mikið hlutbundið í hringekjuformi. Árgangi var blandað saman og einnig voru skiptitímar nýttir til stærðfræðivinnu. Gyldendal – norskur stærðfræðivefur var nýttur bæði til kennslu hér í skólanum og einnig í heimanámi. Aðrir kennsluvefir frá námsgagnastofnun voru notaðir í tölvutímum. Sem ítarefni unnu börnin stærðfræðihefti frá Giljaskóla, Viltu

reyna gulur og rauður og einnig kom nýtt námsefni út Spor1, nemenda og æfingahefti. Allar þessar bækur unnu nemendur eftir áhuga og getu hvers og eins. Heimanám var vikulegt sem tengdist því sem við unnum með í skólanum.

### **Náttúrufræði, samfélagsfræði, kristinfræði og umhverfismennt**

Þessar greinar voru samþættar við Byrjendalæsi og kennt var í þeim. Tölvustofa og bókasafn komu einnig þar að.

Skólinn okkar og nánasta umhverfi. Gönguferðir um skólann og hverfið. Leikskólar í hverfinu heimsóttir og einnig komu þeir til okkar.

- Fuglar – Hænur eru hermikrákur
- Fiskar, sveit, bær, þorp, kaupstaðir – húsaþema
- Mannslíkaminn (lífvísindi) áhrif fæðu á líkamann
- Lífverur í nánasta umhverfi – áhersla á könguló -Sigga og köngulóin
- Ísland – eyja, fáninn okkar, litir hans, haf, jöklar, ár og vötn tengdist vinnu með Ísland og húsaþemu.
- Þátttaka í umhverfiskeppni Síðuskóla – hvað getum við gert til að fara vel með umhverfið okkar og draga úr mengun. Umræður, hugmyndir skráðar, teiknaðar myndir límdar á pappaspjöld og slagorð sett við.
- Heimsókn á Minjasafnið – leikir barna og ungmenna hér áður fyrr. Rætt um hvernig var að vera krakki á tímabilinu 1900 – 1965.
- Heimsókn í Glerárkirkju á aðventunni.
- Samvinna við eldri borgara – brúa bil á milli kynslóða.

### **Myndmennt og textílmennt 1. bekkur 2008 – 2009.**

#### **Textíl og tæknimennt**

- Masonítplata- sjálfsmynd teiknuð á, málað með trélitum og farið ofaní með tússlit. Myndin lökkuð.
- Húsamynd – mdf viður 30x30 cm. Platan máluð með þekjulitum, himinn og gróður. Hús sagað út úr mdf viði og málað og skreytt. Þakið gert úr alls konar listum. Gróður, stéttar, girðingar útbúið úr ýmsum hlutum og/eða teikningum.
- Frjáls smíðaefniviður. Verk unnin eftir hugmyndaflugi hvers og eins.
- Bókamerki unnið á stramma með garni
- Vefnaður úr flísefni
- Teiknuð mynd yfirfærð á stramma saumað út.
- Nemendur teiknuðu upphafsstafina sína í rúðubók, teiknuðu eða töldu síðan út í java og saumuðu – eftir getu og áhuga hvers og eins.
- Saumuð frjáls mynd í stramma.

#### **Myndmennt:**

- Berjamynd þrykkt með berjum á blað.

- Blómavasi – börnin tína strá og gerður er vasi með mismunandi mynstri. Mosaik rammi, vasi litaður með tússlitum.
- Dimmalimm vatnslitamynd
- Bókin: Hænur eru hermíkrákur, myndir úr bókinni ljósritaðar, klipptar út og litaðar. Grunnur vatnslitaður, hvítur rammi, mismunandi pappír notaður
  - sbr. klippimynd.
- Skordýr stór könguló gerð á maskínupappír orð og setningar settar við. Lituð með litkrít.
- Kuggur, Mamma og Málfríður, teiknað eftir stærð barna á maskínupappír og málað með þekjulitum.
- Bolluvöndur – skaft gert úr dagblöðum, vöndur úr niðurklipptum ræmum sem gerðar voru úr litríkum plastpokum.
- Spegulun – blað brotið í tvennt, gert mynstur á annan helminginn, dregið í gegn með því að leggja blaðið á rúðu síðan tússlitað.
- Hús gerð úr skókössum, skreytt með alls konar pappír og teiknað og litað á. Paravinna. Samþætt við húsaþema.
- Litkrít – nemendum kennt að vinna með litkrít, unnin landslagsmynd.
- Páskamynd – þrykkimynd - fingrafar – ungar, fætur, goggur, vængir teiknaðir með tússi.
  - Páskatúlípanar klipptir út.

#### **Jólagjafir:**

- Kísamynd – Jólakötturinn, samkvæmt markvissri myndörvun.
- Skál unnin úr blöðum og veggfóðurslími máluð með Glossy litum og álkantur settur á.
- Dúkur – strauaðir vaxlitir yddaðir á léreft.

#### **Jólafondur:**

- Málaðar glerkrukkur með glerlitum
- Máluð lok af jógúrt dósum málað með glerlitum.
- Jólasveinn úr kjallara skreyttur með hjálp foreldra
- Perlað

#### **Sýnismappa:**

Kápan var gerð úr notuðum pappaspjöldum aftan af teikniblokkum. Nemendur máluðu með þekjulitum mynstur á annan pappann og á hinum var klippimynd.

Inn í möppuna teiknuðu nemendur frjálsa mynd sem fór á aðra hliðina. Á hinni var mynd af áhugamáli nemenda á A-4 blað, teiknuð og máluð með vatnslitum. Fyrir neðan þessa mynd voru markmið nemenda í skóla og heima. Nemendur skrifuðu þau sjálf og höfðu sem leyndarmál sitt. Möppunni var lokað með snúnu bandi.

Í möppuna fór: Myndverk sem nemendur völdu sér, masonít-mynd –sjálfsmýnd, sjálfsmýnd haust og vor, 2 sögubækur, 2 úrklippu og verkefnabækur, og einnig það sem nemendur vildu hafa sjálfir.

#### **Eyja, samþætt við húsaþema í Byrjendalæsi.**

Efni: stífur pappír, veggfóðurlím, dagblöð, hænsnanet, þekjulitir, sandur, möl og hús búin til úr afgangskubbum frá Gulla.

Bátar, fuglar, veiðarfæri og bryggja búin til úr pappír og spýtum.

### Heimilisfræði

Í heimilisfræði voru gerðar vöfflur, grænmetisbakki, kexpizza, bakað úr þurrgeri (grófir gersnúðar, stafabrauð, bollur), búi til hnoðað deig (smákökur, brúnar lengjur), kókoskúlur, sumarbrauð, skólakökur, þvo borð og hendur, sópa gólf og þvo upp. Einnig voru unnin skrifleg verkefni úr heimilisfræði fyrir byrjendur.

### Frammistöðumat stærðfræði 1.bekkur vor



Nafn: \_\_\_\_\_

### Tölur og talnaskilningur

Getur skráð og unnið með tölur frá 0 - 50	Þarf að þjálfá betur.	Gengur vel.
Hefur skilning á talnaröðum s.s. 2-4, 5 -10, 10-20, 1-3.	Þarf að þjálfá betur.	Gengur vel.
Gerir sér grein fyrir stærð talna og áttar sig á að fylla tölur inn í auða reiti.	Þarf að þjálfá betur.	Gengur vel.
Notar talnalínu við samlagningu og frádrátt	Þarf að þjálfá betur.	Gengur vel.
Hefur skilning á uppbyggingu sætiskerfisins þ.e. tugir og einingar.	Þarf að þjálfá betur.	Gengur vel.
Áttar sig á að hver tala á mörg plúsheiti – mínusheiti.	Þarf að þjálfá betur.	Gengur vel.
Leggur saman tugi, stórar		

tölur og yfir tug.	Þarf að þjálfá betur.	Gengur vel.
Skilur mínusheiti og getur leyst einföld dæmi.	Þarf að þjálfá betur.	Gengur vel.
Áttar sig á inntaki og aðferðum mismunandi þrautalausna.	Þarf að þjálfá betur.	Gengur vel.
Notar mismunandi hjálpargögn við lausnir verkefna.	Þarf að þjálfá betur.	Gengur vel.

## Vinnusemi í kennslustundum

Þarf hvatningu og leiðbeiningar við úrvinnslu verkefna.	Þarf stundum hvatningu og aðstoð við úrvinnslu verkefna.	Er dugleg/ur að leita lausna við úrvinnslu verkefna.
---	--	--

Auk talna og talnahugtaka hafa nemendur gert ýmis konar mælingar, nýtt sér mælitæki, borið saman stærðir, fyllt í súlurit og gert kerfisbundnar athuganir á formum, mynstrum og speglun. Lögð hefur verið áhersla á að nemendur nýti sér mismunandi hjálpargögn og vinni saman að verkefnum.

Athugasemdir: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

Ábyrgð – virðing - vinátta

Frammistöðumat 1. bekkur vor

Nafn \_\_\_\_\_

## Lestur og lesskilningur

Lestur	Les einföld orð og einfaldan texta.	Les áreynslulítið auðveldan texta.	Komin/nn vel af stað í lestri.  Les texta rétt og vel.	Hefur náð mjög góðum lestrarhraða.
Lesskilningur	Getur svarað rétt einföldum spurningum út frá því sem lesið er.	Getur sagt frá atriðum sem fram koma í því sem lesið er.	Getur endursagt í samhengi það sem lesið er.	Endursegir aðalatriði í samhengi – spáir fyrir um framhaldið.
Heimalestur	Les sjaldan.	Les stundum.	Les oft.	Heimalestur til fyrirmyndar.

**Ritun**

Skrifar einfaldar setningar.	Er dugleg/ur að skrifa texta frá eigin brjósti.
------------------------------	---

**Skrift**

Dregur rétt til stafs.	Þarf að þjálfa betur.	Gengur vel.
Gerir greinarmun á litlum og stórum stöfum og notfærir sér það í orðum/setningum.	Þarf að þjálfa betur.	Gengur vel.
Notar línur til að staðsetja stóra/litla stafi.	Þarf að þjálfa betur.	Gengur vel.
Hefur bil á milli orða.	Þarf að þjálfa betur.	Gengur vel.
Vandar vinnubrögð sín.	Þarf að þjálfa betur.	Gengur vel.